

Kápa með hettu og hornum

STÆRÐIR: 2/3 (5/6) ára

EFNI

Bulky Lopi - 100 g dokkur

litur 0051 hvítur eða 600 (700)

litur 0058 grár

Létt-Lopi - 5 g dokkur

litur 0085 mórâuður eða 1 (1)

litur 0005 hærusvartur

Hringprjónar nr 9, 80 cm

Sokkprjónar nr 3 fyrir stærð 2/3, nr 3 ½ fyrir stærð 5/6

Rennilás



PRJÓNFESTA

9 L og 18 umf garðapryón á prjóna nr 9 = 10 x 10 cm. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Bolur og ermar eru prjónuð fram og til baka með garðapryóni. Lykkjur af bol og ermum eru sameinaðar á einn prjón við handveg. Ein umferð er hálfur garður, þ.e. einu sinni prjónað yfir allar lykkjurnar.

BOLUR

Fitjið upp 84 (88) L á hringprjón nr 9. Prjónið fram og til baka 5 (11) umf. (2 ½ (5 ½) garð). Setjið merki í hliðar bolsins á eftir 21. (22.) L frá jöðrum. Í næstu umf eru prj tvær L saman sitt hvorum megin við merkingarnar, alls fjórum sinnum út umferðina. Endurtakið úrtökurnar í 6. (9.) hverri umf alls 5 (3) sinnum (6 (4) úrtökur) => 60 (72) L. Prj 4 (8) umf og setjið í síðustu umf 4 L á band í hvorri hlið (handvegur), þ.e. 2 L sitthvorum megin við merkingar => 52 (64) L. Geymið lykkjur á prjóninum og prjónið ermar.

ERMAR

Fitjið upp 20 (26) L á prjóna nr. 9. Prjónið slétt fram og til baka og aukið út um 1 L í byrjun og enda 6. hveurrar umf, alls 5 (6) sinnum => 30 (38) L. Prjónið 2 (3) umf og setjið fyrstu og síðustu 2 L á hjálparnælu eða band => 26 (34) L.

AXLASTYKKI

Sameinið lykkjur af bol og ermum þannig: Prjónið 13 (16) L af bol, 26 (34) L af fyrri ermi, 26 (32) L af bol (bak), 26 (34) L af seinni ermi og 13 (16) L af bol => 104 (132). Prjónið 3 umf laskaúrtöku þannig: Prjónið þar til 3 L eru að samskeytum bols og ermar. Prj. 2 L sl saman, 2 L sl og síðan 2 L sl saman. Endurtakið úrtöku við hver samskeyti, alls 8 úrtökur í umferðinni. Næsta umf og allar umf frá röngu: Prj. allar L sl nema þær tvær L sem eru á samskeytum erma og bols, þær eru prj brugðnar. Þessar L mynda línu af sléttum lykkjum í miðri

laskaúrtökunni. Þrj laskaúrtöku í 4. hverri umf, alls 5 (6) sinnum => 64 (84) L. Þrj 1 (3) umf til viðbótar án úrtöku.



Hálsmál stærð 2/3 ára:

1. og 2. umf: Fellið af 4 L í byrjun umf og prj út á enda.
 3. umf: Fellið af 1 L í byrjun og enda umferðar, prjónið laskaúrtöku og prj auk þess 2 L saman á miðjum ermum (öxl) **Ath. að frá og með þessari umferð eru ekki prjónaðar innri laskaúrtökur Á BAKI peysunnar**, aðeins þær sem eru ermamegin við laskaúrtökur.
 4. umf: Prj án úrtöku.
 5. umf: Prj laskaúrtöku eins og í 3. umf.
 6. umf: Prj án úrtöku.
 7. umf: Prj laskaúrtöku eins og í 3 umf og fellið auk þess af 10 L fyrir miðju á baki.
 - 8 umf: Prj axlaúrtöku á hvorri öxl.
- Geymið lykkjur á hvorri öxl (7 L)

Hálsmál stærð 5/6 ára

1. umf: Prj laskaúrtöku ein og áður en prj auk þess saman 2 L á miðjum ermum (öxlum).
2. umf: Prj án úrtöku.
3. og 4. umf: Fellið af 4 L í byrjun umf og prj út á enda.
5. umf: Fellið af 1 L í byrjun og enda umf og prj laskaúrtöku að framan en **Ath. að frá og með þessari umferð eru ekki prjónaðar innri laskaúrtökur Á BAKI peysunnar**, aðeins þær sem eru ermamegin við laskaúrtökur. Takið einnig úr á öxlum eins og í 1. umf.
6. umf: Prj án úrtöku.
7. umf: Fellið af 1 L í byrjun og enda umf og prj laskaúrtöku eins og í 5. umf (ekki axlaúrt.)
8. umf: Prj án úrtöku
9. umf: Prj laska- og axlaúrtökur.
10. umf: Prj án úrtöku
11. umf: Prj laskaúrtöku og fellið auk þess af 12 L á miðju baki.
12. umf: Prj axlaúrtöku á hvorri öxl og geymið lykkjur á hvorri öxl (8 L).

HETTA

- Takið upp 36 (40) L í hálsmáli á hringprjón. Prj fram og til baka og aukið út um 1 L við 9. (10.), 18. (20.) og 27. (30.) L (þ.e. 9 (10) L frá jöðrum og á miðju baki) í 6. hverri umf alls 4 (5) sinnum => 48 (55) L. Prj 2 (4) umf og fyrir stærð 5/6 ára: aukið út 1 L fyrir miðju að aftan í fyrstu umf.
29. (35.) umf: Prj 12 (14) L, 2 L saman, 5 (7) L, 2 L saman, 6 L, 2 L saman, 5 (7) L, 2 L saman, 12 (14) L (alls 4 úrt í umf) => 44 (52) L. Prj 3 umf án úrtöku.
33. (39.) umf: Prj 11 (13) L, 2 L saman 5 (7) L, 2 L saman, 4 L, 2 L saman 5 (7) L, 2 L saman, 11 (13) L (alls 4 úrt í umf) => 40 (48) L. Prj. 3 umf án úrtöku.
37. (43.) umf: Prj 10 (12) L, 2 L saman, 2 (3) L, 2 L saman 1 (2) L, 2 L saman, 2 L, 2 L saman 1 (2) L, 2 L saman, 2 (3) L, 2 L saman, 10 (12) L (alls 6 úrt í umf) => 34 (42) L. Prj 1 umf án úrtöku.
39. (45.) umf: Prj 9 (11) L, 2 L saman, 1 (2) L, 2 L saman, 1 (2) L, 2 L saman, 2 L, 2 L saman, 1 (2) L, 2 L saman, 1 (2) L, 2 L saman, 9 (11) L (alls 6 úrt í umf) => 28 (36) L. Prj 1 umf án úrtöku.
41. (47.) umf: Prj 8 (10) L, 2 L saman, 8 (12) L, 2 L saman, 8 (10) L (alls 2 úrt í umf) => 26 (34) L. Skiptið lykkjum jafnt á tvo prjóna, leggið þá samsíða og prj saman af báðum í einu og fellið af um leið.

HORN

Prjónið tvö eins. Takið upp 15 L í þríhyrning á hettunni (sjá teikn.) á prj nr 3 (stærð 2/3) eða 3 ½ (stærð 5/6), 5 lykkjur á hvern prjón. Prjónarnir eiga að mynda þríhyrning þannig að efsta horn hans sé í 2. garði frá miðsaumi hettunnar og annað neðra hornið 7 (8) L frá jaðri. Prj sem myndar botn þríhyrningsins er í 6. garði frá saumi að ofan og kallast A en hinir (réttisælis) B og C. Prj 3 umf slétt (byrjið á prjóni A) með tvöföldum Léttlopa (þreföldum fyrir stærð 5/6 ára) og einum þætti (af fjórum) úr kloffnum hvítum/gráum Bulky lopa.

4. umf: Prj 2 L sl saman í byrjun hvers prjóns. Slítið hvíta bandið frá og prj 3 umf slétt.

8. umf: Prj 1 umf br og 1 umf slétt.

10. og 16. umf: Prj sl og prj saman síðustu 2 L á prjóni B. Prj 1 umf slétt.

12. og 18. umf: Prj sl og prj saman fyrstu 2 L á prjóni C. Prj 1 umf slétt.

14. umf: Prj 1 umf br og 1 umf sl.

19. umf: Prj 1 umf br.

20. umf: Prj sl og prj saman síðustu 2 L á prjóni B.

21. umf: Prj sl og prj saman fyrstu 2 L á prjóni C.

22. umf: Færið 1 L af prj A yfir á prj B og eina af A yfir á C. Prj saman L á B og C.

23. umf: Prj 1 umf br.

24. umf: Prj og sameinið um L lykkjur af B og C á einn prjón.

25. umf: Prj saman L á prj A.

26. umf: Prj saman L á prjóni B og C. Slítið bandið frá og dragið í gegn um L.

FRÁGANGUR

Saumið ermarnar í handvegi með því að leggja brúnir saman (leggið stykkinn flöt hlið við hlið). Þræðið/saumið þannig að engin saumför myndist. Saumið á saman hátt erma- og hliðarsauma. Gangið frá öllum endum og þvoið kápuna. Rennilásinn er saumaður í saumavél. Leggið hann innan við brúnir kápunnar og látið hann ekki ná alveg niður að faldi (a.m.k. 3 cm frá brún). Leggið smjörpappír á milli peysunnar og flytjarans á vélinni svo lopinn étist ekki ofan í vélina. Pappírinn er rifinn frá í lokin.

Hönnun: Sigríður Ásta Árnadóttir

Staðsetning horna á hettu

